

OFANFLÓÐAVARNIR Á ESKIFIRÐI, FJARÐABYGGÐ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði sjónræns eðlis vegna breytinga á ásýnd hlíðarinnar ofan þéttbýlisins með tilkomu varnargarðanna. Þá telur stofnunin að nokkur neikvæð áhrif geti orðið vegna ónæðis af völdum framkvæmdanna. Á framkvæmdatíma verður óhjákvæmilega talsvert rask á nokkuð stóru svæði en mikilvægt er að vandað verði við frágang og landmótun að framkvæmdum loknum eins og lögð er áhersla á í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila, til þess að mannvirkin falli sem best að umhverfi.

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð ofanflóðavarna ofan þéttbýlis á Eskifirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fjarðabyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Fjarðabyggðar en vinna þarf deiliskipulag af framkvæmdasvæðunum og er það háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 11. júlí 2013.

5. júní 2013

INNGANGUR

Þann 11. apríl 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá verkfræðistofunni Mannvit um fyrirhugaðar ofanflóðavarnir á Eskifirði til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 11 k í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fjarðabyggðar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

Umsagnir bárust frá Fjarðabyggð með bréfi dags. 17. maí 2013, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 28. apríl 2013, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 14. maí 2013, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 7. maí 2013 og Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 4. júní 2013.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fjarðabyggð sem framkvæmdaraðili leggur hér fram tilkynningu um fyrirhugaðar ofanflóðavarnir fyrir þéttbýlið á Eskifirði. Um er að ræða ofanflóðavarnir sem á að gera við farvegi Bleiksár, Grjótár, Lambeyrarár, Ljósár og Hlíðarendaár og ná frá fjöru, upp í gegnum byggðina og upp á fyrstu hjalla í hlíðinni ofan byggðarinnar en stór hluti ofanflóðahættu á Eskifirði stafar af aur-, krapa- og vatnsflóðum. Gert er ráð fyrir að framkvæmdirnar verði boðnar út sem fimm aðskilin verkefni og að framkvæmdatíma verði dreift yfir jafn mörg tímabil. Stefnt sé að því að framkvæmdir geti hafist á árinu 2014 og að fyrsta framkvæmdin geti verið tilbúin sama ár.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að markmið framkvæmdanna sé að verja öll íbúðarhús á Eskifirði fyrir ofanflóðahættu, sem séu á hættusvæði C skv. hættumati sem unnið hafi verið fyrir Eskifjörð árið 2002. Á þessu svæði sé svokölluð staðaráhætta mest af þeim þremur hættusvæðum sem fjallað sé í hættumatinu (A, B og C) en staðaráhætta sé skilgreind sem árlegar dánarlíkur einstaklings af völdum ofanflóða ef dvalið er öllum stundum í óstyrktu einbýlishúsi. Að framkvæmdum loknum muni ekkert íbúðarhús vera innan hættusvæðis C en hættusvæði B og A muni áfram ná til stórs hluta byggðarinnar. Nauðsynlegt sé að draga úr þeirri hættu með eftirliti og viðbúnaði þegar hætta sé talin á ofanflóðum.

Fram kemur að áætlað sé að setja upp tvær gerðir af vörnum við árfarvegi á Eskifirði: leiðigarða og stoðveggi. Einnig verði árfarvegir lagfærðir með því að breikka þá og dýpka. Heildarlengd leiðigarða verði um 1.000 m og meðalhæð þeirra um 3 metrar og lengd stoðveggja alls rúmlega 800 m en lagfæring farvega verði á tæplega 1300 m kafla. Þá verði upptakastaðir krapaflóða á hjallanum ofan byggðar gerðir stöðugir með þéttri gróðursetningu hraðvaxta, harðgerra 2 - 4 m hárra plantna.

Fram kemur að framkvæmdir við einstaka árfarvegi verði misumfangsmiklar. Farvegur Bleiksár verði þannig dýpkaður um allt að 4 metra á rúmlega 100 m kafla og verði breidd farvegarins á þessum kafla 6,5 m að framkvæmdum loknum. Ennfremur sé gert ráð fyrir 3 m háum, fleyglöguðum leiðigarði á milli kirkju og farvegar. Farvegur Grjótár verði dýpkaður um allt að 4 metra á tæplega 400 m löngum kafla og breikkaður á sama kafla í 9 - 20 m breidd. Byggðir verði 3 leiðigarðar við Grjótá sem samtals verði tæplega 400 m langir og 2 - 5 m háir og jafnframt verði reistir rúmlega 1 m háir stoðveggir meðfram brún árfarvegarins. Fram kemur að í og við Lambeyrará sé um að ræða þrjú framkvæmdasvæði. Á neðsta framkvæmdasvæðinu, rétt ofan byggðarinnar, verði farvegur árinna dýpkaður um allt að 4 m

og breikkaður í 6,5 – 12 m á um 350 m löngum kafla. Á því svæði verði einnig reistir tveir leiðigarðar, samtals um 220 m langir og 2 til 3,5 m háir. Þá verði steiptir um 1,2 m háir stöðveggir neðan leiðigarða, meðfram brún farvegar að norðanverðu og með lóðamörkum að sunnanverðu. Um 80 m ofan leiðigarða þurfi að fjarlægja laust efni á afmörkuðu svæði við ána og grjótverja rofbakka. Ofar í hlíðinni þurfi að sprengja um 80 m langan skurð til þess að taka hlíðarfarveg milli Lambeyrarár og Grjótár inn í farveg Lambeyrarár. Fram kemur að farvegur Ljósár verði dýpkaður um allt að 2 m og breikkaður um 4 m á 180 m löngum kafla. Einnig þurfi að koma fyrir alls um 75 m löngum, 2-3 m háum leiðigörðum fyrir ofan efstu hús við Ljósárbrekku og Steinholtsgötu og 3m háum, 30 m löngum leiðigarði rétt ofan gamla Norðfjarðarvegar og vestan farvegar Ljósár. Fram kemur að farvegur Hlíðardalsár verði lagfærður á kafla með færslu, breikkun og dýpkun og verði botnbreidd farvegarins um 5 m að loknum þessum framkvæmdum. Þá þurfi að reisa um 4 m háan og 90 m langan leiðigarð austan við farveginn sem nái niður undir efstu hús við Svínaskálahlíð.

Fram kemur að stærð framkvæmdasvæða sé mismunandi en gert sé ráð fyrir að við Bleiksá sé stærð svæðisins um 7.000 m², við Grjótá um 23.000 m², við Lambeyrará um 14.000 m², við Ljósá um 3.800 m² og við Hlíðarendaá um 4.700 m². Varðandi efnisþörf hafi verið áætlað að miðað við núverandi forsendur þurfi um 20.000 m³ af efni í leiðigarða og mótun farvega og verði efni í framkvæmdina fengið innan framkvæmdasvæðisins en við framkvæmdirnar muni falla til talsvert magna lausra jarðefna og sprengds grjóts auk stórgrýtis úr farvegum. Fram kemur að eingöngu sé talin þörf á lagningu nýrra slóða utan framkvæmdasvæða við Grjótá til aðkomu að efstu tveimur svæðunum við ána en alls verði lagðir um 250 m af slóðum í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir. Ekki sé gert ráð fyrir að fjarlægja þessar slóðir í verklok, enda geti þær nýst við ofanflóðavarnanna, en þær verði lokaðar almennri umferð.

Frágangur. Fram kemur að til að byrja með verði sáð í leiðigarða og röskuð svæði með en síðan lögð áhersla á skógrækt utan í og utan með leiðigörðunum til þess að draga úr sjónrænum áhrifum garðanna. Efsta svarðlagið á svæðinu verði varðveitt þannig að unnt verði að jafna moldinni í yfirborðslög og auðvelda þar með endurnýjun gróðurs á svæðinu. Við frágang svæðisins að loknum framkvæmdum verði að öðru leyti lögð áhersla á að láta hið raskaða svæði falla sem best að landslagsheildinni.

Áhrif á jarðfræði og vatnafar. Fram kemur að jarðmyndunum verði óhjákvæmilega raskað innan framkvæmdasvæðisins. Áhrifin verði nokkuð neikvæð og varanleg en ekki sé talið að framkvæmdirnar hafi áhrif á jarðmyndanir sem séu verndaðar eða þyki á einhvern hátt sérstæðar.

Áhrif á landslag. Fram kemur að áhrif ofanflóðavarna á landslag séu einna helst sjónræns eðlis. Framkvæmdir við ofanflóðavarnir á framkvæmdasvæðinu verði sýnilegar frá byggðinni og muni breyta ásýnd fjallsins ofan við hana.

Áhrif á gróður. Fram kemur að áhrif framkvæmda á gróður verði nokkuð neikvæð og varanleg en afturkræf. Meðfram farvegum ána sé að finna trjálundi, sem ýmist hafi verið plantað, eða séu sjálfsáðir sem komi til með að raskast. Ekki sé vitað til þess að á framkvæmdasvæðinu séu sjaldgæfar plöntutegundir eða tegundir á válista

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að þær fornminjar sem líklega lendi innan framkvæmdasvæðis ofanflóðavarnanna séu við Bleiksá þar sem leiðigarður eigi að vera. Við verkhönnun verði staðfest hvort þessar minjar séu í hættu og þá haft samráð við Minjastofnun Íslands.

Áhrif á hljóð og loft. Fram kemur að gera megi ráð fyrir auknum hávaða í byggð vegna framkvæmda við uppbyggingu ofanflóðavarnanna. Áhrif framkvæmda á hljóðvist verði nokkuð neikvæð en ekki varanleg. Umferð vinnuvéla og rask á framkvæmdasvæði geti valdið

rykmyndun og haft í för með sér tímabundin áhrif á loftgæði í byggð. Áhrif á loftgæði geti verið nokkuð neikvæð en ekki varanleg.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að í greinagerð Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2007-2027 sé m.a. fjallað um ofanflóðahættu á Eskifirði og að gert sé ráð fyrir varnavirkjum vegna ofanflóða í hlíðum ofan byggðar, við lækjarfarvegi og gil, árbakka fjöru og strandsvæði. Ekki sé til deiliskipulag vegna ofanflóðavarna á Eskifirði en stefnt sé að því að það verði unnið samhliða verkhönnun framkvæmdanna.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Fjarðabyggðar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Veðurstofnunar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands kemur fram að ekki sé farið yfir eða inn á vatnsverndarsvæði, gamla urðunarstaði eða þess háttar svo vitað sé. Hávaði á framkvæmdatímanum gæti hugsanlega farið yfir viðmiðunarmörk reglugerðar nr. 724/2008, en um skamman tíma sé að ræða og sjálfsagt að virða hvíldartíma skv. ákvæðum reglugerðarinnar.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að tryggt verði að farið verði að öllum gildandi lögum og reglugerðum sem um framkvæmdina gildi.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands er bent á að ekki liggi fyrir hvort fornleifarnar tvær, Bleiksárrétt (155959 130-12) og Gil/tóft (155959 130-17), séu í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Bleiksá. Minjastofnun Íslands leggi áherslu á mikilvægi þess að horft sé til lögunar og umfangs fornleifanna þegar þær verði staðsettar en ekki einungis tekin einn GPS punktur á fornleifunum til að staðsetja þær. Vakin sé athygli á því að í 22. gr. laga um menningarminjar segi að friðhelgað svæði umhverfis fornleifar sem njóti friðunar skv. lögunun skuli vera 15 m nema annað sé ákveðið. Þegar umfang fornleifanna og staðsetning hafi verið færð inn á loftmynd eða kort, sem einnig sýni fyrirhugað framkvæmdasvæði, þurfi að leggja þau gögn fyrir Minjastofnun Íslands sem muni ákveða til hvaða mótvægisáðgerða beri að grípa. Að því gefnu að farið verði að þessum skilyrðum telur stofnunin að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að áður en útboðsgögn verði útbúin, verði fornminjar staðsettar. Minjarnar verði mældar upp með GPS mælitækjum með því að setja hnit á úthorn þeirra. Hnitin verði felld inn á loftmynd ásamt fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, sem sýni hvort minjarnar séu í hættu eða ekki. Þessi gögn verði lögð fyrir Minjastofnun Íslands til ákvörðunar um mótvægisáðgerðir, séu einhverjar minjar í hættu.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að umfang mannvirkja sé frekar lítið og sjónrænna áhrifa gæti væntanlega helst ofan byggðar. Með vönduðum frágangi og uppgræðslu ættu áhrif umræddrar framkvæmdar að verða lítil.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða ofanflóðavarnir sem á að gera við farvegi Bleiksár, Grjótár, Lambeyrarár, Ljósár og Hlíðarendaár og ná frá fjöru, upp í gegnum byggðina og upp á fyrstu hjalla í hlíðinni ofan byggðarinnar á Eskifirði. Framkvæmdirnar eru tilkynningarskyldar til

ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11 k í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Þéttbýlið á Eskifirði liggur með norðurströnd fjarðarins og teygir sig yfir nokkuð breitt svæði undir brattri fjallshlíð þar sem undirlendi er lítið. Umhverfisráðherra hefur staðfest ofanflóðahættumat fyrir svæðið. Stór hluti ofanflóðahættu á Eskifirði stafar af aur-, krapa- og vatnsflóðum og því nauðsynlegt að ráðast í gerð ofanflóðavarna á ofangreindu svæði.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda muni verða sjónræns eðlis þar sem þær komi til með að breyta ásýnd svæðisins til frambúðar en með markvissri uppgræðslu og skógrækt muni vera hægt að draga úr sjónrænum áhrifum. Áhrif á gróður munu verða nokkuð neikvæð þar sem raska þarf grónum svæðum og svæðum þar sem trjágróðri hefur verið plantað. Áhrif á jarðmyndanir eru nokkuð neikvæð og eru þau varanleg þar sem raska þarf óhreyfðu landi á all stóru svæði.

Ljóst má vera að hávaði mun fylgja framkvæmdunum og má gera ráð fyrir auknum hávaða í byggð á framkvæmdatíma. Gera má ráð fyrir að áhrif framkvæmda á hljóðvist muni verða nokkuð neikvæð en þó aðeins bundin við framkvæmdatíma og telur stofnunin mikilvægt að framkvæmdaáform verði kynnt fyrir íbúum, einkum í næsta nágrenni framkvæmdasvæðisins.

Skipulagsstofnun leggur áherslu á að framkvæmdaraðili hafi samráð við Minjastofnun Íslands áður en ráðist verði í framkvæmdir og láti staðsetja þær minjar sem kunna að vera í hættu og fari að öðru leyti eftir þeim ábendingum um mótvægisáðgerðir sem stofnunin kann að setja fram til þess að koma í veg fyrir að fornminjar raskist.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að farið verði eftir þeim áformum sem sett eru fram í greinargerð, um frágang svæðis meðan á vinnslu stendur og í verklok til þess að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum framkvæmdanna til frambúðar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Verkfræðistofunnar Mannvit, f.h. framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að ofnaflóðavarnir á Eskifirði séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Fjarðabyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. reglugerð nr. 722/2012. Þá eru framkvæmdirnar háðar starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við gildandi Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027 en vinna þarf deiliskipulag af framkvæmdasvæðunum sem er háð lögum um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 11. júlí 2013.

Rut Kristinsdóttir

Valur Klemensson

